



Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2023
2311164/0.4.1

Efni: Til umsagnar 19. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Vísað er til bréfs nefnda- og greiningarsviðs Alþingis dags 17. nóvember 2023 þar sem óskað er þess að embætti landlæknis veiti umsögn um tillögu til þingsályktunar um fastan heimilislækni og heimilisteymi, 19. mál.


Embætti landlæknis tekur í meginatriðum undir þær áherslur sem koma fram í þingsályktunartillögu um þjóðarmarkmið um fastan heimilislækni og heimilisteymi. Verði umrætt markmið innleitt í stefnu stjórnvalda er mikilvægt að það verði gert í takt við Heilbrigðisstefnu til ársins 2030 en í henni er bæði lögð áhersla að efla mönnun hjá Heilsugæslunni ásamt því að efla teymisvinnu og þverfaglegt samstarf. Heilsugæslunni, sem veitanda fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu, er í stefnunni og í lögum um heilbrigðisþjónustu, ætlað gríðarstórt hlutverk og ljóst er að styrkja þarf starfsemi hennar umtalsvert til að ná bæði markmiðum heilbrigðisstefnu og þeim markmiðum sem koma fram í umræddri þingsályktunartillögu, verði hún samþykkt.

Embætti landlæknis telur að vissulega þurfi að mennta fleiri heimilislækna sem og fjölda annarra heilbrigðisstétta en það þarf líka að skoða vinnuumhverfi heildstætt þannig að fólk haldist betur í starfi og sömuleiðis þarf að nýta tækni sem létt getur undir og hvar sem við verður komið.

Þannig gerir embættið á þessum tímapunkti ekki athugasemdir við einstaka atriði þingsályktunartillögunnar, heldur hvetur til þess að almennt náist sátt um brýna nauðsyn þess að grípa til aðgerða til að styðja við heilsugæslu svo hún geti sinnt hlutverki sínu sem sameiginlegur snertiflötur heilbrigðisþjónustunnar og landsmanna.

Embættið undirstrikar að sérfræðingar þess eru sem fyrr reiðubúnir að vera Alþingi og stjórnvöldum innan handar hvað varða ráðgjöf.

Virðingarfyllst,


Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis

